

**Nd.**

**394. Breytingartillögur**

[154. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 2. gr.
  - a. Í stað orðanna „er verja skal til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða“ komi: er verja skal til framleiðniaukningar í fiskiðnaði og annarra endurbóta í framleiðslu fiskafurða.
  - b. Við greinina bætist:

Í reglunum skal ákveðið, að þær fiskframleiðslustöðvar, sem hafa erfiða rekstraraðstöðu, njóti hlutfallslega hærri styrks en hinar, sem betri aðstöðu hafa.
2. Við 3. gr. Við greinina bætist:

Styrkur fyrir þann úthaldstíma, sem skip hefur veitt fyrir innlendan markað, skal þó vera helmingi hærri en fyrir þann tíma, sem það hefur veitt fyrir erlendan markað.
3. Á eftir 3. gr. komi svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Ríkisstjórnin skal strax að lögum þessum samþykktum skipa 5 manna nefnd, sem geri tillögur til Alþingis um nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma togaraútgerð landsmanna á rekstrarhæfan grundvöll.